



INOWA

KLÚBBURINN

UPPGJÖR FJÓRÐA ÁRSFJÓRÐUNGS OG ÁRSINS 2023

Margrét Tryggvadóttir

Skemmtana- & forstjóri

Pórhallur Jóhannsson

Fjármálastjóri


NOVA
KLÚBBURINN

Lykiltölur úr rekstri 4F 2023

Áframhaldandi vöxtur í þjónustutekjum


Heildartekjur

-0,8%




Þjónustutekjur

+3,4%




Vörusala

-8%




EBITDA

-1,8%




EBITDA%

-1,0%



Handbært frá rekstri

+13,5%



*Tölur leiðréttar fyrir einskíptisliðum vegna sölu óvirkra innviða á 4F 2021 (áhrif á handbært fé 2022)
Allar tölur í m.kr.


Lykiltölur úr rekstri 2023



Sterkur vöxtur þjónustutekna skilar sér í hækkun EBITDA, auknum hagnaði og betra sjóðsstreymi


Heildartekjur

+2,8%




Þjónustutekjur

+6,8%




Vörusala

-10,6%




EBITDA

+9,4%




EBITDA%

+6,5%



Handbært frá rekstri

+10,7%



*Tölur leiðréttar fyrir einskíptisliðum vegna sölu óvirkra innviða á 4F 2021 (áhrif á handbært fé 2022)
Allar tölur í m.kr.

Fréttir af starfseminni:

Fastnet

Stækkun þjónustusvæðis, aukin markaðstækifæri

Internetþjónusta Fastnet

Fjöldi netfenginga
(ljósleiðari/XDSL)
1H 2023

141.474

Internet til heimila

18,4%

markaðshlutdeild

Ljósleiðari

21,2%

markaðshlutdeild

Tekjur

+7,2% milli
fjórðunga
+8,8% milli ára.

■ Viðskiptavinum
fjölgaði

Samstarfsaðilum fjölgað á ársfjórðunum.

Nú geta viðskiptavinir Nova
tengst ljósleiðara frá
Ljósleiðaranum, Mílu & Tenggi.




Stækkun á þjónustusvæði Nova

43.000

Ný heimili

NOVA
KLÚBBURINN

Internet: Stækkun markaðar*



Fastnet: Tekjur af þjónustu sem nýtir fastnet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastnet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur

*Skýrsla fjarskiptastofu

Fréttir af starfseminni:

Flakknet

Enn betri notendaupplifun

Farsímanet Flakknet

Fjöldi símkorta
1H 2023

549.112

32,6%

markaðshlutdeild

Enn betri notendaupplifun

Útfösun á
2G/3G
hafin

Allir
sendastaðir
orðnir **4G**

50% fjölgun
5G senda

Tekjuaukning


+1,2% milli
fjórðunga
+5,8% milli ára.

Viðskiptavinum
fjölgaði milli ára

Flakknet: Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.

NOVA
KLÚBBURINN

Farsímanet: Stækkun markaðar, símkorta*



*Skýrsla fjarskiptastofu

Fréttir af starfseminni:

Vörusala

Áskorun & tækifæri í vörusölu

- Stærsti hluti vörusölu í dag er tengdur farsímasölu
- Þegar kreppir að þá lengir í endurnýjunarhlutfalli símtækja
- Útfösun á 2G / 3G kallar á endurnýjun tækja viðskiptavina
- Fjöldi heimsóknna minnkar í verslanir um 5% á milli ára.
- Tækifæri í fjölbreyttara vöruúrvali og -flokkum

Tekjur


-8% milli fjórðunga
-10,6% milli ára.

Framlegð helst óbreytt
milli ára



Besta netsambandið

NOVA
KLÚBBURINN




4G: Allir sendastaðir með 4G hið minnsta

5G: Allir þéttbýlisstaðir yfir 400 íbúum hafa aðgang að 5G neti Nova og fjölgaði 5G sendum um 50% á árinu og voru 150 við árslok.



5.5G: Nova með þeim fyrstu í Evrópu 5.5G tilraunir. Settum Íslandsmet í gagnahraða yfir farnet þar sem niðurhalshraði mældist **10Gbps**



Gæði: Nova með besta netið skv. óháðu gæðaprófi Accenture (Umlaut) í jan 2024, byggð á raunmælingum og notkunargögnum frá þriðja aðila (crowdsourc).



Ánægðustu viðskiptavinirnir í 15 ár



Markmið okkar er að eiga ánægðustu viðskiptavinina. Við skorum stöðugt á markaðinn, reglurnar, gömlu risaeðlurnar og viljum vera fyrst inn í framtíðina með snjallari lausnir.


Við leggjum áherslu á framúrskarandi þjónustu og að viðskiptavinir fái sem mest fyrir peninginn hjá Nova!

Íslenska Ánægjuvogin er stærsta og þekktasta ánægjukönnun viðskiptavina á Íslandi. Nova hefur verið sigurvegari þessara verðlauna í 15 ár samfleytt og er ríkjandi meistari. Af öllum fyrirtækjum sem könnuð voru árið 2023, á hverju sviði, varð Nova í fjórða sæti.



NPS Score 2023

Nova 14
Síminn -10
Vodafone -30



Ánægjan leynir sér ekki



Gæði



Gæði þjónustu

Hversu ánægð(ur)(t) eða óánægð(ur)(t) ert þú með heildargæði þjónustu (fyrirtækis)



Gæði vöru

Hversu ánægð(ur)(t) eða óánægð(ur)(t) ert þú með heildargæði vöru (fyrirtækis)




Stærsta & sterkasta vörumerkið!

Gott orðspor selur



Nýr liðsfélagi í skemmtana- & framkvæmdastjórn Nova

Renata Blöndal hefur verið ráðin í starf fararstjóra (Chief Strategy Officer) Nova og tekur hún jafnframt sæti í skemmtana- & framkvæmdastjórn hjá félaginu. Renata mun leiða stefnumótun Nova ásamt því að greina helstu vaxtartækifæri til framtíðar.






Rekstrarreikningur

NOVA
KLÚBBURINN

Tekjustofnar


Heildartekjur




	4F 2023	4F 2022	Breyting	%
FlakkNet	1.523	1.505	19	1,2%
FastNet	901	840	61	7,2%
Vörusala	592	643	-51	-8,0%
Aðrar tekjur	311	366	-56	-15,2%
Heildar rekstrartekjur	3.327	3.354	-27	-0,8%

	12M 2023	12M 2022	Breyting	%
FlakkNet	6.177	5.840	337	5,8%
FastNet	3.557	3.270	287	8,8%
Vörusala	1.985	2.220	-234	-10,6%
Aðrar tekjur	1.274	1.312	-38	-2,9%
Heildar rekstrartekjur	12.993	12.641	352	2,8%


FlakkNet




FastNet



Vörusala



Aðrar tekjur*



*Tölur leiðréttar fyrir einskiptisliðum vegna sölu óvirkra innviða á 4F 2021
Allar tölur í m.kr.

Rekstrarreikningur



Rekstrartekjur

Þjónustutekjur, bæði í FlakkNeti og FastNeti, hækka um 3,4% á fjórðungnum og 6,8% á árinu í heild. Skýrist af fjölgun viðskiptavina sem og reikitekjur aukast. Vörusala dregst saman milli ára, stærstu áhrifin eru minni sala af símtækjum og aukahlutum. Aðrar tekjur dragast saman milli ára sem skýrist helst af háum óreglulegum liðum vegna sölu eigna á samanburðar ári sem færðar eru undir aðrar rekstrartekjur.

Rekstrargjöld

Kostnaðarverð seldra vara lækkar milli ára. Skýrist vegna samdráttar í vörusölu umfram hækkan þjónustukostnaðar vegna fjölgunar viðskiptavina. Laun og launatengd gjöld lækka á 4F vegna færri stöðugilda miðað við sama tímabil á fyrra ári en hækka á árinu í heild vegna almennra launahækkana, stöðugildi eru óbreytt. Annars rekstrarkostnaður hækkar á 4F en lækkar í heildina á milli ára. EBITDA hlutfallið er 28,9% á fjórða ársfjórðung og 30,6% fyrir árið í heild.

Afskriftir

Afskriftir hækka lítillega á 4F og aukast og á árinu í heild í samræmi við auknar fjárfestingar. Afskriftir óefnislegra eigna lækka lítillega en afskriftir fastafjármuna og nýtingarréttar hækka með auknum fjárfestingum í fjarskiptabúnaði. EBIT hlutfall er 12,0% á fjórða ársfjórðung og 14,1% fyrir árið í heild.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsgjöld lækka á 4F en haldast nokkuð óbreytt á milli ára í heildina. Vaxtatekjur aukast með hærri meðalsjóðsstöðu og hærri innlánsvöxtum. Í byrjun 4F greiddi félagið aukalega 300 mkr. greiðslu inn á vaxtaberandi langtímalán sín og í lok árs endurfjármagnaði félagið vaxtaberandi langtímalán sín í heild sinni. Lækkan verðbólgu hefur einnig haft jákvæð áhrif á fjármagnsgjöld á síðari hluta ársins.

Afkoma tímabilsins





Hagnaður á 4. ársfjórðung er 182 m.kr. og hækkar um 3,9% frá fyrra ári, árið í heild er 729 m.kr. og hækkar um 35,1%. Hagnaður á hlut fyrir árið er 0,19 kr. og hækkar um 28,6% frá fyrra ári.

Allar tölur í m.kr.

	4F 2023	4F 2022	Breyting	%	12M 2023	12M 2022	Breyting	%
Heildarrekstrartekjur	3.327	3.354	-27	-0,8%	12.993	12.641	352	2,8%
Kostnaðarverð seldra vara	1.685	1.738	-53	-3,0%	6.391	6.458	-67	-1,0%
Laun og launatengd gjöld	459	476	-17	-3,5%	1.796	1.710	86	5,0%
Annar rekstrarkostnaður	221	162	60	36,9%	827	837	-10	-1,1%
Heildarrekstrargjöld	2.366	2.376	-10	-0,4%	9.014	9.005	9	0,1%
EBITDA	961	978	-18	-1,8%	3.979	3.636	342	9,4%
EBITDA%	28,9%	29,2%	-0,3%	-1,0%	30,6%	28,8%	1,9%	6,5%
Afskriftir	(-563)	(-552)	(-10)	-1,8%	(-2.152)	(-2.021)	(-131)	6,5%
Rekstrarhagnaður	398	426	(-28)	-6,5%	1.826	1.615	211	13,1%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.)	(-197)	(-208)	11	-5,3%	(-943)	(-943)	0	0,0%
Tekjuskattur	(-19)	(-43)	24	-55,0%	(-155)	(-133)	(-22)	16,3%
Hagnaður tímabilsins	182	175	7	-3,9%	729	539	190	35,1%
Hagnaður á hlut	0,049	0,046	0,003	-6,2%	0,19	0,15	0,04	28,6%

Rekstrarreikningur – kennitölur

Hagnaður tímabilsins



*Tölur leiðréttar fyrir einskiptisliðum vegna sölu óvirkra innviða á 4F 2021 og skráningu á markað 1H 2022
Allar tölur í m.kr.



Efnahagsreikningur

Efnahagsreikningur

Eignir

Rekstrarfjármunir og leigueignir hækka með fjárfestingum í fjarskiptakerfi, þar á meðal 5G og stofnneti. Óefnislegar eignir haldast nokkuð óbreyttar milli ára, hækka með nýjum tíðnileyfum ásamt fjárfestingum í vef, appi og þjónustukerfum en afskriftir á móti koma til lækkunar á eign í árslok. Veltufjármunir samtals lækka lítillega, handbært fé lækkar í samræmi við atkomu sem og ráðstöfun þess í endurkaupum og greiðslu inn á langtímalán, birgðir haldast óbreyttar á milli ára og viðskiptakröfur lækka lítillega.

Skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir lækka um samtals 340 mkr., bæði langtíma og skammtímahluti. Í lok árs endurfjármagnaði félagið vaxtaberandi langtímaskuldir sínar með nýju langtímaláni. Leiguskuldbindingar hækka með fjölgun sendastaða sem og vegna áhrifa hækunar á vísitölu. Skammtímaskuldir samtals lækka lítillega, afborganir langtímaskulda næsta árs sem og viðskiptaskuldir en aðrir liðir hækka á móti. Veltufjárhluftfall er 1,03 í lok árs og heildar skuldsetningarhluftfall, með leiguskuldbindingum, er 2,8 * EBITDA síðasta árs.

Eigið fé


Hlutafé og yfirverðsreikningur eigin fjár lækka með endurkaupum ársins. Óráðstafað eigið fé hækkar með viðbættum hagnaði ársins. Eiginfjárhluftfall er 40,0% í lok árs

Allar tölur í m.kr."


	31.12.2023	31.12.2022	Breyting	%
Viðskiptavild	10.049	10.049	0	0,0%
Óefnislegar eignir	1.639	1.637	2	0,1%
Rekstrarfjármunir	4.030	3.863	167	4,3%
Leigueignir	4.292	4.060	232	5,7%
Aðrar eignir	3	3	0	0,0%
Tekjuskattsinneign	467	378	98	25,9%
Fastafjármunir samtals	20.488	19.989	499	2,5%
Birgðir	405	411	-6	-1,4%
Viðskiptakröfur	1.125	1.145	-20	-1,8%
Aðrar skammtímafröfur	655	562	93	16,5%
Handbært fé	497	665	-168	-25,2%
Veltufjármunir samtals	2.681	2.782	(-101)	-3,6%
Eignir samtals	23.170	22.772	398	1,7%
Eigið fé	9.277	9.053	224	2,5%
Vaxtaberandi langtímaskuldir	1.995	2.304	-309	-13,4%
Tekjuskattsskuldbinding	0	0	0	0,0%
Leiguskuldbindingar	6.329	6.039	290	4,8%
Aðrar skuldir	2.964	2.795	168	6,0%
Langtímaskuldir samtals	11.287	11.138	149	1,3%
Næsta árs afb. langtímaskulda	100	129	-29	-22,8%
Viðskiptaskuldir	813	947	-134	-14,1%
Ógreiddir skattar	275	254	21	8,2%
Næsta árs afb. leiguskuldb. og annarra skulda	244	224	20	8,7%
Aðrar skammtímaskuldir	1.174	1.026	148	14,4%
Skammtímaskuldir samtals	2.606	2.580	25	1,0%
Skuldir samtals	13.893	13.718	174	1,3%

Efnahagsreikningur - kennitölur


Eiginfjárlutfall




Veltufjárlutfall



Vaxtab. skuldir, leiguskuldb. og aðrar skuldir samtals



Nettó vaxtab. skuldir, leiguskuldb. og aðrar skuldir/EBITDA





Sjóðstreymi

NOVA
KLÚBBURINN

Sjóðstreymi



Handbært fé frá rekstri

Nettó greidd vaxtagjöld lækka milli ára. Vaxtatekjur hækka sökum góðrar sjóðsstöðu og hárra vaxta, vaxtagjöld af langtímalánum lækka vegna afborgana og endursamninga. Greiddir skattar eru jákvæðir á 4F sökum leiðréttingar á ófgreiddum sköttum í upphafi árs. Há greiðsla skatta á samanburðarári skýrist vegna sölu óvirkra innviða í lok árs 2021. Leiðrétt hækkun á milli ára ef skattgreiðsla fyrri árs miðast við hefðbundinn rekstur. Handbært fé frá rekstri á 4j ársfjórðung er 1.010 mkr. sem er í hæsta gildi síðustu 3 ár. Handbært fé ársins er 3.015 m.kr. og hækkar um 1.292 m.kr. frá fyrra ári

Fjárfestingahreyfingar

Fjárfestingar í rekstrarfjármunum aukast lítillega á milli ára í heildina. Fjárfestingar í óefnislegum eignum aukast sérstaklega vegna útgáfu Fjarskiptastofu á fjönlifyfum en fjárfestingar í rekstrarfjármunum standa nokkurnvegin í stað milli ára.

Fjármögnunarahreyfingar

Félagið keypti eigin bréf á síðasta ári að fjárhæð samtals 505 mkr. á meðalgenginu 4,12 hver hlutur, samanburðartölur sýna hækkun hlutafjár á fyrra ári. Í lok árs þá endurfjármagnaði félagið langtímalán sín með nýju langtímaláni að fjárhæð 2.100 m.kr.




Frjálst fjárfæði

Frjálst fjárfæði (FCF) fyrir árið í heild er 1.922 m.kr. og hækkar um 148 m.kr. frá fyrra ári. Frjálst fjárfæði sem hlutfall af hildartekjum á árinu er 14,8% í samanburði við 14,0% á árinu á undan. Frjálst fjárfæði til félags að teknu tilliti til afborganahluta leiguskuldbindinga (FCFFaL) er 764 m.kr og hækkar um 67 m.kr. frá fyrr ári.

	4F 2023	4F 2022	12M 2023	12M 2022
Veltufé frá rekstri	961	979	3.979	3.637
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	158	120	(-59)	(-69)
Vaxtatekjur (Vaxtagjöld)	(-132)	(-161)	(-673)	(-684)
Greiddir skattar	22	(-1.048)	(-232)	(-1.161)
Handbært fé frá rekstri	1.010	(-110)	3.015	1.723
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(-391)	(-452)	(-1.566)	(-1.555)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(-273)	(-80)	(-490)	(-308)
Söluverð rekstrarfjármuna	0	0	0	5.408
Fjárfesting í dóttur- eða a hlutdeildarfélagi	0	0	0	(-119)
Fjárfestingahreyfingar	(-664)	(-529)	(-2.056)	(-1.860)
Keypt eigin bréf/Hækkun á hlutafé	(-270)	0	(-505)	3.395
Afborgun leiguskuldbindinga	(-49)	(-54)	(-194)	(-163)
Afborgun annarra langtímaskuldbindinga	(-13)	(-10)	(-47)	(-39)
Tekin ný langtímalán	2.100	0	2.100	0
Aðrar langtímaskuldbindingar, ný lán	0	105	0	105
Afborganir langtímalána	(-2.384)	(-33)	(-2.483)	(-4.679)
Fjármögnunarahreyfingar	(-616)	8	(-1.129)	(-1.381)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(-270)	(-631)	(-170)	(-1.518)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	1	1	2	4
Handbært fé í upphaf tímabilsins	766	1.295	665	2.179
Handbært fé í lok tímabilsins	497	665	497	665

Sjóðstreymi – kennitölur

Handbært fé frá rekstri



*Tölur leiðréttar fyrir einskíptisliðum vegna sölu óvirkra innviða á 4F 2021/2022
Allar tölur í m.kr.

Fjárfestingar

Rekstrarfjármunir


Uppbygging á fjarskiptakerfi gekk samkvæmt áætlunum. Fjöldi 5G sendastaða í árslok kominn í samtals 150 og allir sendastaðir hafa nú a.m.k. 4G eða betri þjónustu. Einnig búið að styrkja stofnet félagsins með fjárfestingum í stækkun á flutningsgetu bylgjulendarkerfis ásamt því að kjarnakerfi var uppfært og vinna hafin í svokölluðu 5G standalone sem áætlað er að verði komið í virkni á þessu ári.

Óefnislegar eignir

Fjarskiptastofa úthlutað tíðniheimildum á síðasta ári til 20 ára. Félagið fjárfesti í uppfærslu á fjárhagskerfi sem og hefðbundnum uppfærslum á þjónustukerfum, vef og appi.

Þróun ársins 2024

Áætlun ársins gerir ráð fyrir lækkun um 300 - 400 mkr. frá fyrra ári. Hlutföll verði þá um 12% - 14% af heildartekjum og 14% -16% af fjarskiptatekjum.



An abstract graphic design featuring a complex network of lines. A dense cluster of thin purple lines originates from the top-left corner and fans out towards the bottom-right. A cluster of thin teal lines originates from the bottom-left corner and fans out towards the top-right. Several thicker teal lines connect the top-right corner to various points within the purple line cluster. The word "Horfur" is written in a bold, purple, sans-serif font in the center-right area of the image.



Horfur

Horfur fyrir 2024

Tekjur áætlaðar á bilinu 13.100 - 13.700 m.kr.

EBITDA áætluð á bilinu 3.800 - 4.100 m.kr.


Fjárfestingar 12% - 14% af heildartekjum



Hluthafar

Hluthafar 31.01.2024	Fjöldi hluta	%
Birta lífeyrissjóður	405.884.481	10,60%
Lífeyrissj.starfsm.rik. A-deild	262.744.159	6,90%
Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	260.641.068	6,80%
Stapi lífeyrissjóður	245.527.770	6,40%
Stefnir - ÍS 5 hs.	194.853.810	5,10%
Lífsverk lífeyrissjóður	168.487.927	4,40%
Festa - lífeyrissjóður	142.339.959	3,70%
Landsbréf - Úrvalsbréf hs.	134.672.431	3,50%
TM tryggingar hf	134.672.431	2,60%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	134.672.431	2,30%
Samtals 10 stærstu	1.999.773.437	52,30%
Aðrir hluthafar	1.684.193.027	44,21%
Samtals útistandandi hlutir	3.683.966.464	96,51%
Nova klúbburinn hf.	133.310.000	3,49%
Heildarhlutafé	3.817.276.464	100,00%

Markaðsupplýsingar	31.12.2023	31.12.2022	%
Útistandandi hlutir	3.694.776.464	3.817.276.464	-3,21%
Dagslokagengi í lok tímabils	4,01	4,30	-6,74%
Velta ársins (óm 2022)	2.340.842.250	1.596.921.053	46,58%
Fjöldi hluthafa	2.338	3.202	-26,98%



Spurningar

-> fjarfestatengsl@nova.is



www.nova.is/fjarfestar

Lýsing tekjustofna

FlakkNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.

FastNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fastnet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastnet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur.

Vörusala

Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði.

Aðrar tekjur

Tekjur af annarri fjarskiptatengdri starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, svo sem fastlínuþjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl.. Auk annarra rekstrartekna.

Fyrirvarar

Við erum mjög bjartsýn eins og þið sjáið en það er eitt sem þarf að koma fram. Allt sem stendur hérna er byggt á hugmyndum einhvers fólks sem vinnur á skrifstofu hjá Nova. Ekki staðreyndum eða vísindum. Við erum ekki Nasa. Allt sem þessu ágæta fólki dettur í hug að senda frá sér felur í sér ákveðna óvissu, enda eru þau bara mannleg, og þessi fréttatilkynning er ágætis dæmi um það. Okkur finnst skrytið að þurfa að taka það fram, en við áttum okkur á að framtíðin er óskrifað blað. Við erum ekki með kristalskúlu sem sýnir okkur hvað gerist næst. Hlutir geta breyst. Til dæmis gæti afkoman orðið önnur en kemur fram í þessari tilkynningu. Eða loftsteinn tortímt gervöllu Arnarnesinu. Staðhæfingar gilda bara á þeim tíma sem fréttatilkynningin kemur út, það er að segja í nútímanum. Ekki framtíðinni. Þið bara lesið þetta með það í huga, takk.

